

Nd.

707. Frumvarp

til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. Skipun.

1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

- a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
- b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða verið kennari við fastaskóla eða farskóla minst 5 ár.
- d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
- e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvitugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnar-
auglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sin ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

- a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða alrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
- b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi. Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., í staðið b., um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá auglýsa stöðuna af nýju, með svo löngum fresti til umsóknar, sem hún telur nægja, en hafi enginn enn sótt um stöðuna, þegar sá frestur er út runninn, skal nefndin gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann

eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja, og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjist.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviseksemi samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbræfi, er fræðslumálastjórnin gefur þeim.

8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

II. Laun.

9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistaraskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

- a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypiss húsnæðis, eða jafngildi þess í peningum.
- b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
- d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1500 kr., og kennarar við þá skóla 1200 kr.

Forstöðumenn heimavistaraskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypiss húsnæði, ljós og hita.

- e. Farskólakennarar hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypiss fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá i rjettu hlutfalli við timalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru i 9. gr. a. og b., greiðast að $\frac{1}{3}$ af rikissjóðsfje, en að $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru i sömu grein, d. og e., greiðist af rikissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur rikissjóður neinn þátt i kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd i peningum.

12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri fá kennarar sem hjer segir:

- a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 4. hvert ár, upp að 1000 kr.
- b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 4. hvert ár, upp að 500 kr.
- d. Farskólakennarar 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr rikissjóði.

13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu hlutföllum og starfsmenn rikisins. Hlunnindi þau, er um ræðir i 11. gr. 2. málsg., koma ekki til greina i þessu sambandi. Dýrtíðaruppbót samkvæmt þessari grein greiðist á þann hátt, er ræðir um i 11. gr. 1. málsgrein.

14. gr.

Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

15. gr.

Öll ákvæði um kennara i lögum þessum eiga og við kenslukonur.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, sem fara i bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. sept. 1918, um breyting á þeim lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar til stjórnarráðsins.

Ákvæði um stundarsakir.

Peir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919–1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin i lögum þessum.